

Vinnuvernd er allra hagur
**HÆTTULEG EFNI
Á VINNUSTAÐ**



 **VINNUEFTIRLITIÐ**

FRUMKVÆÐI • FORVARNIR • FAGMENNSKA

MERKI Á UMBÚÐUM HÆTTULEGRA EFNA



SPRENGIFIM EFNI

Sprengiefni og efni sem geta sprungið við högg, upphitun eða önnur utanaðkomandi áhrif. Óstöðug, sprengifim efni, sjálfhvarfgjörn efni.

Dæmi: Púður, dýnamít, flugeldar, skotfæri og TNT.



ELDFIM EFNI

Eldfim, íkveikjanleg og brennanleg efni.

Dæmi: Bensín, grillgas og spritt.

Loftekveikjandi, sjálfíkveikjandi, sjálfhitandi eða sjálfhvarfgjörn efni. Getur kviknað í þeim fyrir áhrif lofts án neista eða elds eða við upphitun.

Dæmi: Línolía og fleiri lífrænar olíur (til viðarvarnar), lífræn peroxíð.

Efni og blöndur sem gefa frá sér eldfimar lofttegundir við snertingu við vatn.

Dæmi: Natríum, álkerjagjall og málmduft.



ELDNÆRANDI / OXANDI EFNI

Efni sem geta kveikt í brennanlegum efnum án þess að eldur eða neisti sé borinn að; þau eru eldmyndandi eða íkveikjandi. Geta líka magnað bruna og valdið sprengingum.

Dæmi: Plastherðir, peroxíð, ammoníumnítrat, klór, bleikiefni og súr-efnissgas.



LOFTEGUNDIR UNDIR ÞRÝSTINGI

Efnin eru lofttegundir við venjulegar aðstæður, þ.e. við eðlilegan loftþrýsting og herbergishita, en eru þjappaðar og undir þrýstingi (yfir 2 bör) í geymsluílátum (hylkjum eða kútum) og geta þá verið sem þétt, fljótandi, kælt eða uppleyst gas. Ílátin geta sprungið við hita eða hnjask og kastast af miklu afli. Gasið getur lekið út og dreifst, brunnið eða sprungið, valdið eitrun, köfnun eða kalsárum eftir eiginleikum gassins.

Dæmi: Grillgas, drifgas í úðabrusum og köfnunarefni.



ÆTANDI EFNI

Erta og æta húð og valda mjög alvarlegum augnskaða. Nauðsynlegt að verja augun sérstaklega vel við meðhöndlun ætandi efna og hafa augnaskol eða vatn við hendina. Þau tæra einnig málma.

Dæmi: Vítissóði, brennisteinssýra, stíflueyðir, salernishreinsir og ammóníak.



BRÁÐ EITURHRIF

Mjög eitruð efni sem geta valdið miklum skaða eða verið banvæn við inntöku, innöndun eða eftir snertingu við húð.

Dæmi: Klór, blásýra, varnarefni, metanól og flúrsýra.



EFNI SEM VALDA ALVARLEGUM HEILSUSKAÐA

Efni sem geta valdið langvarandi heilsuskaða, hindrað frjósemi og skaðað fóstur/börn í móðurkviði, verið krabbameinsvaldandi, valdið ofnæmi, astma og öndunarörðugleikum og skaðað líffæri.

Dæmi: Terpentína, bensín, málningarþynnir, díoxín, epoxy og asbest.



HEILSUSKAÐLEG EFNI

Ertandi efni fyrir húð, augu og öndunarfæri og og haft eituráhrif á ákveðin líffæri. Geta einnig valdið svima og sljóleika.

Dæmi: Lakk, einangrunarfrauð, upplausnarefni, þvottaefni og frostlögur.



UMHVERFISSPILLANDI EFNI

Efni sem eru hættuleg umhverfinu og eitruð vatnalífi.

Dæmi: Varnarefni, eldsneyti úr jarðolíu, þungmálmsölt, lökk og sum lím.

HÆTTULEG EFNI Í VINNUMHVERFINU

Hættuleg efni geta sloppið úr umbúðum, vökvar slest eða gusast á líkamann og skaðað húð og augu, og stundum náð í gegnum húðina og inn í líkamann. Efnin geta verið lofttegundir, vökvar eða föst efni.

Lofttegundirnar geta verið sem gufa eða eimur sem komast ofan í vitin og valda ertingu, loftleysi, eitrun, óþægindum og sljóleika sem eykur hættu á mistökum og slysum. Sum þeirra geta valdið sprengingum og eldsvoðum. Vökvar geta verið eldfimur, eldnærandi, ætandi og valdið alvarlegum heilsuskaða.

Föst efni geta líka valdið húðætingu eða verið eldfim og jafnvel sprengifim. Þau eru hættulegri ef þau eru mulin eða ef þau geta auðveldlega gengið í samband við önnur efni. Jafnvel hættulítil efni geta við daglega eða endurtekna notkun valdið sívaxandi heilsuhættu ef þau komast í snertingu við líkamann, komast í fót eða ef loftborin mengun frá efnum berst ofan í öndunarfærin.

Þannig geta varasöm efni spillt heilsu án þess að komast hina venjulegu leið inn í líkamann, gegnum meltingarfærin. Þau eru í dósnum, brúsum, flöskum, tunnum, gaskútum, tönkum, kössum, gámum eða annars konar ílátum og umbúðum á vinnustaðnum.

Öryggisblöð eru upplýsingablöð um eiginleika efna eða efnasambanda ásamt upplýsingum um meðhöndlun og meðferð þeirra. Þau eiga að fylgja hættulegum efnun frá birgja til kaupanda sem notar efnin í atvinnuskyni. Þau eiga að liggja frammi fyrir alla sem nálgast þurfa efnin á vinnustaðnum. Þeir sem nota eða vinna með efnin þurfa að lesa öryggisblöðin sem eru í 16 stöðluðum liðum og veita m.a. upplýsingar um hætturnar af efnunum, hvernig á að verjast þeim, meðhöndla, geyma og farga og hvernig á að bregðast við slysum.

Hættuleg efni geta líka myndast á vinnustaðnum s.s. reykur, útblástur, eimyrja eða frárennsli og leki frá tækjum og búnaði. Einnig of heitur eða of kaldur straumur af gasi eða vökva eða önnur heilsuspillandi mengun.

Myndist mengun í vinnslunni þarf að athuga uppruna hennar og innihald og grípa til viðeigandi varúðarráðstafana.

Áhættumat þarf að gera vegna starfa þar sem hættuleg efni eru notuð. Áhættumatið á að vera byggt á upplýsingum í öryggisblöðunum. Ef um er að ræða mengun sem myndast í vinnslunni þarf að rannsaka efnin, t.d. gera mælingar og skoða ferlana. Áhættumatið getur leitt til þess að gera þarf úrbætur á vinnuferlum. Hluti af áhættumatinu er mæling á menguninni.

ALÞJÓÐLEG MERKI Á UMBÚÐUM MEÐ HÆTTULEGUM EFNUM

HSK-hættumerki (e: GHS hættumerki) eru alþjóðlegt flokkunarkerfi. Með merkjunum fylgja hættusetningar sem segja nánar til um hverjar hætturnar eru og til hvaða ráðstafana þurfi að grípa ef slys hendir. Notandinn þarf að lesa hættusetningarnar til að kynna sér hætturnar sem efnin eða efnasamböndin geta valdið.



FRUMKVÆÐI · FORVARNIR · FAGMENNNSKA

Gefið út af Vinnueftirlitinu 2018 ISBN-13 978-9979-863-68-7